

16. mars 2004

HHO/AAG/28-04

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

### **Frumvarp til laga um siglingavernd nr. 569**

Helstu ábendingar snúa að því að sami aðili setji reglur og annist framkvæmd þeirra. Áberandi er í þessu frumvarpi hve opnar heimildir tollstjórar, bæði í Reykjavík (sem er n.k. ríkistollstjóri) sem og aðrir tollstjórar/sýslumenn, hafa til þess að setja reglur og framfylgja þeim.

Í frumvarpinu er annars áberandi að Siglingastofnun setur reglur um flest atriði, en aðrir vinna eftir þeim, en hins vegar er tollstjórum gert að gera hvoru tveggja.

Í 4. gr. segir m.a.:

"Tollstjórinn í Reykjavík setur reglur um farmvernd. Tollstjórar annast, í samráði við viðkomandi hafnaryfirvöld og Siglingastofnun Íslands, framkvæmd og eftirlit með farmvernd og setja reglur þar að lútandi."

Tillaga að breyttum texta:

**"Tollstjórinn í Reykjavík setur reglur um farmvernd í samræmi við alþjóðareglur. Tollstjórar annast, í samráði við viðkomandi hafnaryfirvöld og Siglingastofnun Íslands, framkvæmd og eftirlit með farmvernd í samræmi við slíkar reglur."**

Í 7. gr. er áréttað að því er virðist ótakmarkað umboð tollstjóra til að setja reglur að eigin geðþótta, bæði um farmvernd og um eftirlit með farmi. Í athugasemd um þessa grein segir m.a.: "Reglurnar skulu taka mið af alþjóðaskuldbindingum eins og þær eru á hverjum tíma." Við teljum eðlilegra að þetta ákvæði sé í greininni sjálfri.

Í 9. gr. er ekki kveðið nægilega skýrt á um gjaldtöku, einungis talað um heimildir til gjaldtöku.

Tillaga að texta:

**"Innheimta skal sérstakt gjald, siglingaverndargjald, af vörum sem umskipað er, lestaðar eða landað í höfn. Gjald þetta skal taka mið af magni vöru og standa undir stofnkostnaði, rekstrarkostnaði og hluta sameiginlegs kostnaðar af ráðstöfunum til verndar farmi, svo sem girðingum, vöktun, leit, og lokun svæða"**

Það er nokkuð áberandi við lestur frumvarpsdraganna að ákvæði um tollstjóra og hlutverk þeirra þarfnast mikilla skýringa. Það má velta fyrir sér hvort lagatextinn sé nægilega skýr yfir höfuð. Jafnframt má aftur benda á að í ISPS reglum er ekki að finna nein ákvæði eða röksemdir fyrir því að tollstjórar setji og síðan framfylgi reglum um farmvernd.

Virðingarfyllt

**EIMSKIP EHF.**



Höskuldur H. Ólafsson

framkvæmdastjóri Rekstrarsviðs